

Fundur 7. Des 2020. Jónína Guðfinna Sveinsdóttir, móðir Sveins Haraldssonar

Komið þið sælir. Gleður mig að koma til ykkar og vona ég að þið eigið góða helgistund.

Heilsa ég ykkur frá Stjörnusambandsstöð og sendi ykkur kærar kveðjur ættingja og vina. Verð ég sennilega síðust í sambandinu í kvöld og gleður það mig mjög að hinir stórkostlegu spámenn þeirrar trúar sem ég hef lengi aðhyllst, skuli hafa fram komið hér í kvöld.

Og eru hér margir sem til ykkar hugsa. Og ætla ég að hugsa um heimilið að venju þegar kemur fram að sömu jólastund og þið njótið bráðum.

Og hef ég notið þess ævinlega að halda í heiðri gamlar venjur og elda sjálf til jólahátíðarinnar. Og sérstaklega eftir að ég hef tekið upp hina heiðnu trú, hef ég þurft á því að halda, að halda sambandi við aðrar húsmæður af gömlu jörðinni og skiptast á minningum og rifja upp gamla tíð og halda í heiðri gamlar hefðir.

Hér er mikil hamingja eins og venjulega og líður okkur vel. Er það furðulegt að ekki skuli fleiri úr okkar fjölskyldu hafa sinnt þessu málefni sem skyldi, en það hefur allt breyst eftir að við komum á aðra jörð.

Hefur mér þótt það æ ánægjuríkara að svífa upp til stjörnusambandsstöðvanna og þótti mér það furðu gegna hvenig slíkt mætti gerast, fyrst þegar ég hingað kom, eins og ég hef lýst fyrir ykkur.

Ég hef innilega og af öllum mætti reynt að senda gamla hnettinum mínum orku í þessum Covíð veikindum og hef ég setið marga fundi með syni mínum og öðrum í því efni og höfum við nýlega setið fund með bandarískum hermönnum sem eignuðust íslenskar konur og sátum við fjölmennan fund og sendum orku til hinna fjölmennu hnatta sem geyma framliðna Bandaríkjamenn.

Og var það mikil upplifun að senda þeim orku í mörgum litum og senda hana áfram til jarðarinnar til að reyna að líkna þeim sem þjást í Bandaríkjunum af þessari veiki og öðrum á jörðinni eins og okkur var unnt.

Já við höfum ýmislegt fyrir stafni hér á nýjum hnetti og þótt mörg hafi hætt að sinna nákvæmlega því starfi sem við sinntum á jörðinni, er alltaf eitthvað að fást við. Biður Sveinn kærlega að heilsa og aðrir Nýalssinnar.

Get ég ekki talað mjög lengi en ég vildi senda íslenskum húsmæðrum jólakveðjur og hvetja þær til að örvænta ekki þó löng sé biðin þar til þjóðfélagið kemst í fullan gang aftur.

Ég man vel eftir tíð minni á jörðinni og sakna enn margra, enda ekki langt síðan ég fór.

Ég ætlaði að reyna að segja nafn mitt, áður en ég kveð ykkur og sendi ykkur enn mínar allra bestu kveðjur og vil ég taka það fram áður en ég kveð, að ég er þakklát þessu starfi ykkar og hygg ég að það hafi hjálpað mér og minni fjölskyldu í framlífi, þótt margir ættingjar mínir og ég sjálf hafi lengi verið að láta af kristninni. Nafn mitt er. *Þú ert móðir hans Sveins er það ekki?*

Jónína Guðfinna Sveinsdóttir, já það er rétt, ég er móðir hans, það er rétt, þakka þér fyrir, Jónína Guðfinna, *gaman að heyra í þér, við biðjum að heilsa Sveini.*

Þakka ég kærlega fyrir og vona ég að ég geti eftt ykkur hér í kvöld og Íslendinga og sendi ykkur þessa hvatningu að hugsa til okkar á framlífhnetti ef ykkur finnst biðin löng þar til Covið líkur.

Vil ég nú kveðja ykkur að sinni og þakka fyrir og senda enn kveðjur frá Nýalssinum, verið þið sælir, við biðjum að heilsa.